# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 40** **94. ár** **Föstudaginn 30. mars 2001**

## Laus störf

*Brekkubæjarskóli.*
Grunnskólakennara vantar til starfa næsta skólaár. Æskilegar kennslugreinar: almenn bekkjarkennsla, tónmenntakennsla, náttúrufræðikennsla (4 stöðugildi). Upplýsingar veita: Ingi Steinar Gunnlaugsson skólastjóri og Ingvar Ingvarsson aðstoðarskólastjóri í síma 431 1938.

*Grundaskóli.*
Grunnskólakennara vantar til starfa næsta skólaár. Æskilegar kennslugreinar: almenn bekkjarkennsla einkum á unglingastigi, enska, danska, samfélagsfræði og náttúrufræði (4 stöðugildi). Upplýsingar veita Guðbjartur Hannesson skólastjóri og Hrönn Ríkharðsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 431 2811.

Brekkubæjarskóli verður einsetinn frá hausti 2001 og Grundaskólinn frá haustinu 2002.

*Leikskólarnir á Akranesi.*
Leikskólakennara vantar við leikskólana á Akranesi. Upplýsingar veitir Sigrún Gísladóttir leikskólafulltrúi í síma 433 1042.

Laun samkvæmt kjarasamningum FÍL/KÍ og launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 25. apríl nk.

**Menningar- og skólafulltrúi Akraness.**

(4284

Laus störf í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2001-2002.

*Kennarar.*
*Álftamýrarskóli,* sími 568 6588. Tónmennt vegna forfalla í eitt ár.

*Borgaskóli,* sími 577 2900. Almenn kennsla á yngsta stigi og á miðstigi. Kennsla á unglingastigi (meðal kennslugreina: íslenska, stærðfræði, enska og danska), heimilisfræði, sérkennsla, tölvukennsla og tölvuumsjón.

*Breiðagerðisskóli,* sími 510 2600. Almenn kennsla í 2.-7. bekk, æskilegt sérsvið: raungreinar, bókmenntir og sérkennsla.

*Breiðholtsskóli,* sími 557 3000. Almenn kennsla.

*Engjaskóli,* sími 510 1300. Kennsla á yngsta stigi og á miðstigi. Danska, heimilisfræði, íþróttir, samfélagsfræði, sérkennsla, smíðar, tölvukennsla og námsráðgjafi í hálft starf, til eins árs vegna námsorlofs.

*Fellaskóli,* sími 557 3800. Sérkennsla. Almenn kennsla og tölvukennsla á miðstigi. Myndmennt, tvær kennarastöður á unglingastigi ásamt umsjón, meðal kennslugreina eru íslenska, stærðfræði, danska, samfélagsfræði og líffræði.

*Foldaskóli,* sími 567 2222. Tónmennt.

*Hólabrekkuskóli,* sími 557 4466. Náttúrufræði og stærðfræði í 8.-10. bekk. Hólabrekkuskóli er móðurskóli í náttúrufræðikennslu og þarf kennari að taka þátt í mótunarstarfi. Heimilisfræði og almenn kennsla.

## Tilkynning

*Nr. B 01.04.*
*í stað B 01.03.*

### um dráttarvexti og vegið meðaltal ársávöxtunar almennra útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum 21. mars 2001

Tilkynning þessi sem birt er skv. 10. og 11. gr. vaxtalaga nr. 25 frá 27. mars 1987, með áorðnum breytingum, gildir frá og með 1. apríl 2001 uns næsta tilkynning birtist. Jafnframt fellur úr gildi tilkynning nr. B 01.03 dags. 21. febrúar 2001. Breytingar eru merktar með *.

| | Vextir í % á ári |
|---|---|
| **I. Dráttarvextir:** | |
| Af peningakröfum í íslenskum krónum | 24,0 |
| Af peningakröfum í Bandaríkjadollurum | 8,5* |
| Af peningakröfum í sterlingspundum | 8,7* |
| Af peningakröfum í dönskum krónum | 8,3* |
| Af peningakröfum í norskum krónum | 10,3* |
| Af peningakröfum í sænskum krónum | 6,8 |
| Af peningakröfum í svissneskum frönkum | 6,4 |
| Af peningakröfum í japönskum jenum | 5,1 |
| Af peningakröfum í sérstökum dráttarréttindum, SDR | 8,4 |
| Af peningakröfum í evrum, EUR* | 7,7 |
| * Sömu vextir eru á myntum aðildarlanda evrusvæðisins | |
| **II. Ávöxtun almennra útlána:** | |
| Meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1987 | 19,2 |

Ávöxtun er ígildi vaxta sem greiddir eru einu sinni á ári eftir á.
Sé vaxtatímabil styttra en 1 ár fæst framangreind ávöxtun með lægri nafnvöxtum, sbr. eftirfarandi yfirlit:

| | |
|---|---|
| Vaxtatímabil 1 mánuður | 17,7 |
| Vaxtatímabil 3 mánuðir | 17,9 |
| Vaxtatímabil 6 mánuðir | 18,3 |
| Vaxtatímabil 12 mánuðir | 19,2 |

Reykjavík, 21. mars 2001.
**Seðlabanki Íslands.**

4301)

## Auglýsing

### um reikningsgengi

Með vísan til reglugerðar nr. 293/1999 um almenna heimild til að binda inn- og útlán við gengisvísitölur SDR og EUR, sbr. 2. tl. b-liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987, gildir fyrir apríl 2001:

Reikningsgengi á SDR: kr. 111,42.
Reikningsgengi á EUR: kr. 78,84.

Reykjavík, 21. mars 2001.
**Seðlabanki Íslands.**

3994)

## Auglýsing

### um deiliskipulag í Reykjavík

*Grafarholt, Þjóðhildarstígur nr. 2-6, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæði 3, varðandi lóðina nr. 2-6 við Þjóðhildarstíg.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir eftirtöldum breytingum: að byggingarreitur hússins breikki í suðvestur en styttist í staðin til austurs og vesturs, byggingarmagn aukist úr 1900 m$^2$ í 3300 (þ.e. um 1400 m$^2$), útkeyrslu verði bætt við austast á lóðinni og bílastæðum fjölgað.

Tillagan liggur frammi í sal Borgarskipulags og byggingarfulltrúa í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 –16.00 frá 30. mars til 27. apríl 2001. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til Borgarskipulags Reykjavíkur eigi síðar en 11. maí 2001.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 22. mars 2001.
**Borgarskipulag Reykjavíkur.**

4283)

# Auglýsing

## um leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar

Eftirtaldir aðilar hafa fengið leyfi félagsmálaráðuneytisins til að gera eignaskiptayfirlýsingar samkvæmt 16. gr. a. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, sbr. lög nr. 136/1995, sbr. lög nr. 127/1996 og 135/1998 um breytingu á þeim og reglugerð nr. 471/2000 sbr. reglugerð nr. 910/2000 um leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar. Leyfi þessi gilda til ársins 2005.

| *Nafn* | *Kennitala* | *Heimili* | *Póstfang* |
|---|---|---|---|
| Áslaug Fjóla Vilhjálmsdóttir | 071164-2929 | Austurvegi 27 | 800 Selfossi |
| Bjarni S. Einarsson | 030464-5679 | Landakoti | 225 Bessastaðahreppi |
| Björn Axelsson | 250668-3179 | Snægili 3b-201 | 600 Akureyri |
| Brynja Helgadóttir | 010866-5459 | Lindasmára 1 | 200 Kópavogi |
| Brynjar Daníelsson | 090467-5229 | Dalseli 8 | 109 Reykjavík |
| Erna Jóna Eyjólfsdóttir | 160965-5929 | Eskihlíð 9 | 105 Reykjavík |
| Eyþór Leifsson | 150467-3819 | Bjarnarstíg 11 | 101 Reykjavík |
| Óskar T. Þorvaldsson | 150867-3399 | Bólstaðarhlíð 13 | 105 Reykjavík |
| Sindri Bæring Halldórsson | 020572-4429 | Bakkastöðum 1b | 112 Reykjavík |
| Svanlaugur Sveinsson | 250147-3099 | Breiðvangi 59 | 220 Hafnafirði |
| Svavar Gunnar Jónsson | 301153-5709 | Stúfholti 3 | 105 Reykjavík |
| Ögmundur Einarsson | 160642-2629 | Rauðalæk 73 | 105 Reykjavík |
| Ingiþór Björnsson | 130264-2639 | Heiðarhvammi 6 | 230 Reykjanesbæ |

**Félagsmálaráðuneytinu,**
15. mars 2001.

3991)

# Auglýsing

## um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012

Með vísan í 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 9 við Akursbraut og felst í að lóðin verði skilgreind fyrir blandaða landnotkun þ.e. verslunar- og íbúðalóð í stað iðnaðar.

Teikningar, ásamt frekari upplýsingum, liggja frammi á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, Dalbraut 8, 1. hæð, frá og með 30. mars nk. til 27. apríl 2001.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast byggingar- og skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar eigi síðar en 11. maí 2001, þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast samþykkja hana.

Akranesi, 23. mars 2001.
**Byggingar- og skipulagsfulltrúi.**

4305)

# Auglýsing

## um breytingu á aðalskipulagi í Grindavík

Grindavíkurbær auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi í Grindavík 1983-2003 samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

- Breyting er gerð á legu tengibrautar (1) milli hafnar og þjóðvegar (2), ásamt gatnamótum tengibrautar og þjóðvegar. Þjóðvegurinn er samkvæmt núverandi legu. Tengibrautin er á sjóvarnargarði meðfram sjávarsíðunni og færist að mestu út fyrir byggð.
- Nýir hafnargarðar eru gerðir utan núverandi hafnargarða.
- Vegtengingar á eystra hafnarsvæði breytast lítillega.
- Nyrsti hluti svæðis til síðari nota breytist í hafnarsvæði (3).
- Smábátahöfn er samkvæmt núverandi notkun.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum að Víkurbraut 62 frá og með föstudeginum 30. mars nk. til mánudagsins 30. apríl 2001.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til mánudagsins 14. maí 2001. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Grindavíkurbæjar.**

4322)

# Auglýsing

## um deiliskipulag frístundabyggða og tækjahús í Biskupstungum

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við deiliskipulag frístundabyggða í landi Geysis III í Haukadal, í landi Efri-Reykja og Iðuvalla, Geysi í Haukadal, Biskupstungum. Einnig tækjahús við Geysi í Haukadal, Biskupstungum.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skriftofu Biskupstungnahrepps, Aratungu, 801 Selfossi, frá 31. mars til 2. maí 2001, á skrifstofutíma og eru auglýstar með fyrirvara um staðfestingu aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000-2012. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 16. maí 2001. Skriflegum athugasemdum skal skila á skrifstofu Biskupstungnahrepps. Þeir sem ekki gera skriflegar athugaemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

F. h. Biskupstungnahrepps, 24. mars 2001.
**Ragnar Sær Ragnarsson** sveitarstjóri.

4303)

*Húsaskóli*, sími 567 6100. Kennsla á yngsta stigi, 1. og 2. bekkur. Kennsla á efsta stigi, aðalkennslugrein stærðfræði ásamt eðlisfræði, líffræði og tölvukennslu og heimilisfræði í 1.-10. bekk.

*Korpuskóli*, sími 525 0600. Almenn kennsla í 1. bekk. Stærðfræði og raungreinar í 8. bekk. Tónmennt í hálfa stöðu.

*Langholtsskóli*, sími 553 3188. Handmennt (textíl), tónmennt, 2/3 staða, heimilisfræði, 2/3 staða, sérkennsla, almenn kennsla á yngsta stigi og á miðstigi, kennsla í upplýsingamennt, kennsla í samfélagsgreinum og ensku auk umsjónar á unglingastigi.

*Melaskóli*, sími 535 7500. Heimilisfræði, myndmennt, umsjónarkennsla á yngsta stigi og umsjónarkennsla á miðstigi.

*Rimaskóli*, sími 567 6464. Almenn kennsla á yngsta stigi og á miðstigi, danska, hálf til heil staða, tölvuumsjón, heil staða.

*Selásskóli*, sími 567 2600. Almenn kennsla á yngsta stigi, almenn kennsla á miðstigi, sérkennsla, tónmennt, heimilisfræði og handavinna.

*Seljaskóli*, sími 557 7411. Íþróttir, heil staða, kennsla á yngsta stigi, náttúrufræði, Íslenska, stærðfræði og enska á unglingastigi.

*Vesturbæjarskóli*, sími 562 2296. Umsjónarkennari á yngsta stigi og á miðstigi.

*Vogaskóli*, sími 553 2600. Almenn kennsla á yngsta stigi og almenn kennsla á miðstigi.

*Álftamýrarskóli*, sími 568 6588. Vegna forfalla vantar starfsmann til að sjá um tölvunet skólans næsta skólaár og annast upplýsingamiðlun innan skólans. Æskilegt er að viðkomandi geti kennt tölvufræði í 8., 9. og 10. bekk.

*Ýmis störf:*

*Borgaskóli*, sími 577 2900. Forstöðumaður skóladagvistar, og skólaliðar til að sinna ýmsum störfum m.a. í skóladagvist, við baðvörslu og þrif.

*Vesturbæjarskóli*, sími 562 2296. Skólaliðar til að sinna ýmsum störfum m.a. í skóladagvist, við baðvörslu og þrif og starfsmaður til að annast umsjón með léttum málsverði fyrir starfsfólk skólans.

*Laun skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðaskólastjórar. Umsóknarfrestur rennur út 17. apríl 2001. Umsóknir ber að senda í skólana.*

Upplýsingar um launakjör sem fram komu í auglýsingu frá Fræðslumiðstöð þann 23. mars birtust vegna mistaka.

Nánari upplýsingar um laus störf og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu undir *job.is.*

**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.**

(4324

# Stefnur

**Þórður Clausen Þórðarson hrl.**
**kt. 290850-3129,**

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur f.h. Svövu Sveinbjörnsdóttur, kt. 030134-4279, Ljósheimum 20, Reykjavík, gegn Birni J. Emilssyni, kt. 280534-4639, óstaðsettum í hús skv. Þjóðskránni.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Þórður Clausen Þórðarson hrl., fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Dómkröfur:* Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 30.000.000 auk dráttarvaxta

skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaður skv. mati dómsins auk virðisaukaskatts.

*Málsatvik og málsástæður:* Málsatvik eru þau að stefnandi gaf þann 18. maí 1997 út skuldaviðurkenningu þar sem hann lýsir því að hann skuldi stefnanda máls þessa, sem er fyrrverandi eiginkona hans, kr. 30.000.000 og þar af séu hluti skuldarinnar 174.200 Bandaríkjadalir. Skuld þessi er tilkomin vegna fjármuna sem stefnandi ýmist lánaði stefnda eða hann hafði af henni með einum eða öðrum hætti en þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hefur stefnanda ekki tekist að fá skuldina greidda hjá stefnda og er því málsókn þessi óhjákvæmileg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskránni er stefndi Björn J. Emilsson óstaðsettur í hús. Dvalarstaður hans er óþekktur. Ítrekað hefur verið reynt að birta fyrir honum eftir almennum reglum en án árangurs. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Innheimtutilraunir hafa engan árangur borið.

*Lagarök:* Vísað er til meginreglna samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, sbr. lög nr. 7/1936. Mál þetta er höfðað skv. ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991 en krafa um virðisaukaskatt af honum er reist á lögum nr. 50/1988, stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn á að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn til sönnunar máli sínu:

1. Skuldaviðurkenningu dagsetta 18. maí 1997.
2. Ljósrit lögregluskýrslu 8. júní 1998.
3. Afrit úr nafnaskrá, sbr. Hagstofuupplýsingar.
4. Ljósrit af Lögbirtingablaði því sem stefna þessi birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með ofangreindum að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 8. maí 2001 kl. 10.000 til þess þar að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki mætt má vænta þess að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Kópavogi, 20. mars 2001.
F. h. stefnanda,
**Þórður Clausen Þórðarson** hrl.

(3822

**Steinsteypan ehf., kt. 480794-2149, Berghellu 12, Hafnarfirði**

gjörir kunnugt: Að fyrirtækið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ragnhildi Bjarnadóttur, kt. 260451-2009, Kjarrhólma 6, Kópavogi f.h. Stóráss ehf., kt. 650598-3189, Háholti 14, Mosfellsbæ en Ragnhildur er stjórnarformaður félagsins og Óskari Mikaelssyni, kt. 111243-4339, með óþekkt heimilisfang í Bandaríkjunum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 1.715.500 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 2. janúar 2001 til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti þann 2. janúar 2002. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

# Nauðungarsölur

## Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 3. maí 2001, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| *Kl. 10.00:* | | | |
| Álakvísl 25, 0101, 3ja herb. íbúð og hlutdeild í bílskýli 3995) | Anna Guðjónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 219.611 |
| Ásvallagata 21, 2. hæð og rishæð 3996) | Anna Svava Sverrisdóttir | Íbúðalánasjóður | 85.082 |
| Baldursgata 36, 0301, 53,4 fm íbúð á 3. hæð t.v. m.m. 3997) | Bernharður Guðmundsson | Íslandsbanki-FBA hf. | 726.859 |
| Bauganes 39, 0102, 3ja herb. íbúð á 1. hæð 3998) | Marta Guðjónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 1.496.505 |
| Bárugata 4, 0001, íbúð í kjallara m.m. 3999) | Gróa Ásgeirsdóttir | Íbúðalánasjóður | 316.270 |
| Bergstaðastræti 31A, 0201, 4ra herb. íbúð á 2. hæð 74,9 fm m.m. 4000) | Bjarni Már Bjarnason | Íbúðalánasjóður | 788.629 |
| Bíldshöfði 18, 030302, 294,5 fm skrifstofuhúsnæði á 3. hæð m.m. 4001) | Bergeign ehf. | Tollstjóraembættið | 388.177 |
| Bláhamrar 2, 0402, 2ja herb. íbúð á 4. hæð merkt 0402 og bílskýli nr. 5 við Bláhamra nr. 6 4002) | Hallfríður Jónsdóttir og Sigurður Karlsson | Íbúðalánasjóður | 175.485 |
| Borgartún 25, 030101, stálgrindarhús 4003) | Vélsmiðja Jóns Bergssonar ehf. | Tollstjóraembættið | 329.440 |
| Brautarholt 22, 010202, gistiheimili á 2. hæð, ásamt rými 01-04 á 1. hæð, rými 03-02 á 3. hæð og rými 04-01 þakrými 4004) | Bergeign ehf. | Tollstjóraembættið | 193.490 |
| Brautarholt 24, 010301, 3. hæð 4005) | Bergeign ehf. | Tollstjóraembættið | 275.704 |
| Bræðraborgarstígur 47, 0202, 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. 4006) | Ingeborg Linda Mogensen | Íbúðalánasjóður | 119.576 |
| Drafnarfell 6, 0101, verslunarhúsnæði á götuhæð m.m. 4007) | Hringbraut ehf. | Tollstjóraembættið | 165.618 |
| Drafnarfell 10 4008) | Róði ehf. | Tollstjóraembættið | 138.912 |
| Drafnarfell 14, 0101, heildareignin Drafnarfell 14, 16, 18 4009) | Hringbraut ehf. | Tollstjóraembættið | 447.921 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Dverghamrar 1 4010) | Margrét Jóhannsdóttir og Jón Þór Sigurðsson | Íbúðalánasjóður | 87.314 |
| Engjasel 78, ásamt bílskýli merkt nr. 16 4011) | Sólrún Alda Sigurðardóttir og Gunnar Júlíusson | Íbúðalánasjóður | 270.587 |
| Fellsás 10, Mosfellsbæ 4012) | B.K. rafverktakar ehf. | Innheimtustofa rafiðnaðarmanna | 648.472 |
| Fífurimi 30, 0101, 4ra herb. íbúð nr. 6 frá vinstri á 1. hæð 4013) | Brynja Benediktsdóttir | Íbúðalánasjóður | 513.133 |
| Fífurimi 38, 0101, 4ra herb. íbúð nr. 2 frá vinstri á 1. hæð 4014) | Ingibjörg Jensdóttir | Íbúðalánasjóður | 187.161 |
| Flétturimi 8, 0201, 107,2 fm íbúð t.v. á 2. hæð m.m. 4015) | Guðmundur Logi Óskarsson og Ragna Dagmar Sölvadóttir | Íbúðalánasjóður | 236.427 |
| Flúðasel 95, 0202, 4ra herb. íbúð á 2. hæð t.h. 4016) | Arnhildur R. Árnadóttir og Sveinn M. Benediktsson | Íbúðalánasjóður | 57.173 |
| Fossaleynir 2 4017) | Heimilisvörur ehf. | Tollstjóraembættið | 1.198.636 |
| Fróðengi 16, 0301, 4ra herb. íbúð ásamt bílastæði merkt 030002 4018) | Anna Jonita Thordarson | Íbúðalánasjóður | 323.654 |
| Garðhús 12, 0101, 2ja herb. íbúð á 1. hæð t.v. merkt 0101, 62,5 fm geymsla merkt 0101 4019) | Viðar Örn Guðmundsson | Íbúðalánasjóður | 173.749 |
| Goðaborgir 8, 0301, 130,2 fm 5 herb. íbúð á 3. hæð t.v. m.m., geymsla á 1. hæð merkt 0108 og bílskýlisréttur 4020) | Anna Gyða Rebekka Reynisdóttir | Íbúðalánasjóður | 221.829 |
| Grensásvegur 10, 0101, 334,4 fm á 1. hæð m.m. 4021) | Nes fasteignir ehf. | Tollstjóraembættið | 704.326 |
| Grettisgata 46, 0101, verslunarhúsnæði á götuhæð Grettisgötumegin 4022) | Einar Guðjónsson | Tollstjóraembættið | 160.525 |
| Gyðufell 6, 0403, 3ja herb. íbúð á 4. hæð t.h. m.m. 4023) | Ægir Ísleifsson | Íbúðalánasjóður | 347.036 |
| *Kl. 14.00:* | | | |
| Hamraberg 10, 0101, 64,5 fm íbúð á 1. hæð ásamt 63,7 fm efri hæð m.m. og 1/12 hluti bílastæði og bílskúralóð Hamraberg 4-26 4024) | Sonja Gestsdóttir | Íbúðalánasjóður | 151.086 |

*Fyrirsvar:* Undirritaður lögmaður, Sigurmar K. Albertsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Krafa stefnanda er skv. víxli útgefnum 21. mars 2000 af stefnda Óskari Mikalessyni, ábektum af Birgi Reynissyni og stefnanda og samþykktum til greiðslu af stefnda Stórási ehf. þann 20. maí 2000 í Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ. Greiðslufall varð á víxlinum og neyddist stefnandi til að leysa hann til sín frá Búnaðarbanka Íslands þann 2. janúar 2001 með kr. 1.715.500, sem er stefnufjárhæð málsins. Ítrekuðum innheimtutilraunum hefur ekki verið sinnt og er því nauðsynlegt að innheimt kröfuna með málssókn.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrárinnar er stefndi Óskar Mikalesson sagður búsettur í Bandaríkjunum en með óþekkt heimilisfang. Stefnanda er því aðeins mögulegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu þar sem upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu þessa eftir almennum lögum.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Vísað er til víxillaga nr. 33/1933 og til 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu.
2. Skrá.
3. Víxil.
4. Útskrift úr Þjóðskránni.
5. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Ragnhildi Bjarnadóttur, kt. 260451-2009, Kjarrhólma 6, Kópavogi f.h. Stóráss ehf., kt. 650598-3189, Háholti 14, Mosfellsbæ en Ragnhildur er stjórnarformaður félagsins og Óskari Mikaelssyni, kt. 111243-4339, með óþekkt heimilisfang í Bandaríkjunum til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þann 8. maí nk. kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins mega þau búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. mars 2001.
F. h. stefnanda,
**Sigurmar K. Albertsson** hrl.

(4286

**Friðgeir Björnsson,**
**dómstjóri í Reykjavík,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Brynjólfur Kjartansson hrl., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Sævars Péturssonar, kt. 060648-3019, Jóruseli 18, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu tryggingabréfi.

*Dómkröfur:* stefnanda eru þær að ógilt verði með dómi tryggingarbréf útgefið í Reykjavík 29. mars 1974 af Sveini Egilssyni hf. til tryggingar handhafa á skaðlausri og skilvísri greiðslu skuldar samkvæmt eigin víxli að upphæð kr. 15.000.000 (nú 150.000 kr.) með gjalddaga við sýningu. Þá tók veðsetningin einnig til vaxta dráttarvaxta og kostnaðar alls af innheimtu kröfunnar. Til tryggingar skuldinni veðsetti útgefandi bréfsins fasteignina Skeifuna 17, Reykjavík

með 16. veðrétti og uppfærslurétti á eftir nánar tilgreindum veðskuldum. Þ. Jónsson & Co. samþykkti einnig veðsetningu eignarinnar. Skuldin hvílir nú á 1. veðrétti eignarinnar.

*Málflutningsumboð:* Brynjólfur Kjartansson hrl., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fer með málið fyrir stefnanda.

*Málsástæður:* Stefnandi kveður skuldina samkvæmt ofangreindum eigin víxli vera að fullu greidda fyrir löngu, en láðst hafi að aflýsa tryggingarbréfinu. Sé honum sem núverandi þinglýstum eiganda fasteignar nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo aflýsa megi veðinu þar sem hann hafi selt eignina.

*Lagarök:* Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin gögn:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.
3. Ljósrit tryggingarbréfsins.
4. Ljósrit þinglýsingarvottorðs.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa undir höndum framangreint tryggingarbréf eða telur til réttar yfir því, að sækja dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, þriðjudaginn 15. maí 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram skjöl af sinni hálfu og sanna rétt sinn til tryggingarbréfsins og mótmæla framangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 23. mars 2001.
**Friðgeir Björnsson.**

(4299

**Aðilar málsins eru:**

*Stefnandi:* Landsbanki Íslands hf., höfuðst. kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna Landsbanka Íslands hf. 0113, Rofabæ 7, 155 Reykjavík.

*Stefnda:* Kristín Björk Arnórsdóttir, kt. 271264-5269, síðast til heimilis að Vallarási 1, Reykjavík, nú búsett í Danmörku.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Helgi T. Helgason hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.525.884,80, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 1.525.884,80 frá 13. júlí 2000 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstóls á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Þann 5. desember 1988 stofnaði stefnda Kristín einkareikning nr. 14497 við útibú stefnanda að Rofabæ 7, Reykjavík. Þann 30. júní 2000 námu innstæðulausar færslur á reikningnum kr. 1.525.884,77. Var reikningnum þá lokað. Þann 14. júlí 2000 var stefndu sent innheimtubréf. Skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands býr Kristín nú í Danmörku en ekki hafa fengist nánari upplýsingar um heimilisfang hennar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hólmaslóð 2, 0101, 294,5 fm vinnslusalur á 1. hæð og skrifstofa og starfsmannaaðstaða á 2. hæð 38,6 fm<br>4025) | Nónborg ehf., Bíldudal | Tollstjóraembættið | 394.275 |
